



Fundargerð fræðslunefndar 10. maí 2017

Fræðslunefndarfundur 10. Maí 2017 kl 11:30

1. 1. Mál

Fundargerð síðasta fundar borinn upp til samþykktar. Fundargerð samþykkt.

1. 2. Mál

Skóladagatal 2016-2017. Breytingartillaga frá skólastjóra. Skólaslit færð fram um einn dag. Borið undir atkvæði í nefndinni og var það samþykkt.

1. 3. Mál

Skóladagatal 2017-2018 kynnt. Aðalbjörn skólastjóri fór yfir helstu viðburði á skólaárinu og frídaga. Árshátíðin gæti annaðhvort verið þann 16. mars, viku fyrir páskafrí, eða 23. mars daginn fyrir páskafrí í skólanum. Skóladagatal borið undir atkvæði í nefndinni og var það samþykkt.

1. 4. Mál

Skólastjóri skýrði frá fyrirkomulaginu á sundkennslu nú í vor. Bjarney tekur hana að sér, eins og síðustu ár. Skólaakstur verður í sund fyrir börn úr sveitinni þá tvo daga sem sundkennsla er eftir skólaslit.

1. 5. Mál

Starfsmannamál. Silvía verður í leyfi næsta skólaár. Það vantar því kennara fyrir nemendur í yngri bekkjum skólans. Auglýst verður aftur eftir nýjum íþróttakennara fyrir næsta skólaár. Einnig vantar skólaliða. Töluverð forföll voru hjá starfsfólki í vetur.

1. 6. Mál

Skýrsla vegna starfsumhverfis kennara og umbótaáætlun. Niðurstöður verða kynntar fyrir kennurum og skýrslan send til Sambands Íslenskra sveitarfélaga fyrir 1. júní 2017. Skýrslan er meðfylgjandi þessari fundargerð.

1. 7. Mál

Undir öðrum málum var danskennsla í Vopnafjarðarskóla rædd. Meðlimir fræðslunefndar áréttuðu mikilvægi danskennslu fyrir nemendur. Þeir lýstu yfir eindregnum vilja til þess að danskennsla verði áfram við Vopnafjarðarskóla og fjármagni verði veitt til þess málefnis eins og þurfa þykir. Loks tilkynnti núverandi formaður nefndarinnar að hann myndi hætta í vor og finna þyrfti nýjan formann í hans stað. Hann var áður búinn að senda tölvupóst þess efnis til meðlima fræðslunefndar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið 12:30